

1998 ásamt skýringum 1-4.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1998 og efnahag 31. desember 1998.

Ríkisendurskoðun, 17. maí 1999.

Sigurður Þórðarson.

### Áritun stjórnar

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. maí 1999.

**Hulda Valtýsdóttir.**

**Jónína Michaelsdóttir.  
Björn Teitsson.**

**Hulda Kristinsdóttir.  
Birgir Ísleifur Gunnarsson.**

*Sveinbjörn Hafliðason ritari.*

Nr. 393

1. júní 1999

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

1. gr.

F-liður 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- f) Jarðveg, safnhaugamold, óunninn eða kurlaðan trjábörk og húsdýraáburð. Undanskilin er þó mold, sem að meginhluta samanstendur af mosa (*Sphagnum*), enda sé hún tekin frá óræktuðum svæðum og hafi aldrei verið notuð til ræktunar. Þá er undanskilin mold, sem fylgir rótum plantna eða rótarávöxtum, enda sé hún í óverulegum mæli. Frá löndum þar sem nýsjálenski flatormurinn (*Artioposthia triangulata*) er útbreiddur skulu plöntur og plöntuafurðir vera alveg lausar við mold nema sérstök yfirlýsing sé um það á heilbrigðisvottorði að plönturnar séu frá ræktunarstað þar sem flatormurinn finnst ekki.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum og í samræmi við tilskipun nr. 83/189/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 123/1995.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. júní 1999.

**Guðni Ágústsson.**

*Hjördís Halldórsdóttir.*